

1865.

11. sept.

yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að kirkju- og kennslustjórnin ekki er því mótmælt, að útlekking sú á lærdómsbók Balslevs, sem Ólafur prófastur Pálsson hefir samið, sé notuð þegar börn á Íslandi eru undirbúin undir fermingu, en þér verðið þó áður að ganga úr skugga um, að bókin sé vel útlögð.

72. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfrvaldanna á Íslandi, um viðurhald á herbergjum skólameistarans og eldivið handa honum.

14. sept.

Í bréfi 7. febrúarmán. þ. á. hefir stiptamtíð og þér, háæruverðugi herra, spurt um:

1. hvort skólameistariinn við hinn lærða skóla í Reykjavík, sem hefir bústað í skólahúsinu sjálfu, er fylgir embættinu, eigi að vera undanþeginn þeirri skyldu, að halda herbergjum sínum við óskemmdum, þar sem hinir aðrir embættismenn á Íslandi, sem hafa bústað er fylgir embættinu, eru skyldir til að halda honum við; og
2. hvort ekki sé rétt, að, í stað þess að skólameistariinn hingað til hefir fengið eldivið til að halda lestrarherbergi sínu heitu, sé tiltekið hversu mikinn eldivið hann eigi að fá til þessa, svo að það sé nóg, en að hann verði sjálfur að kaupa sér þann eldivið, sem hann þarf með að öðru leyti.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði skólameistarann það, að hinni fyrri spurningunni verður að svara með jáyrði. Það er í þessu tilliti aðgæzluvert, að staða skólameistarans er ólík stöðu hinna annara embættismanna á Íslandi, sem veittur er bústaður ókeypis með því skilyrði, að þeir greiði sjálfir kostnað þann, er gengur til þess að halda honum við, þar sem honum ekki er fengið hús útaf fyrir sig, er fylgir embætti hans, eins og hinum embættismönnum, heldur herbergi kauplaust í skólahúsinu, en því er haldið við á kostnað ríkissjóðsins. En ástæðan til þess, að þessu er þannig komið fyrir, er einmitt sú, að

1865.

14. sept.

skólameistarinn á að sjá um að haldin sé regla í skólanum, og hlýtur því að búa í sama húsinu, sem skólinn er í. Við þetta bætist það sem mestu varðar, að nú er alveg búið að heimfæra grundvallarreglurnar í lögnum frá 28. marzmán. 1855, um laun handa skólameisturunum og kennurunum við hina lærðu skóla í konungsríkinu Danmörku og við hinn lærða skóla og menntunarstofnun í Sórey, uppá hinn lærða skóla í Reykjavík, en samkvæmt lögum þessum eru skólameistararnir ekki skyldir til að halda bústöðum þeim, er fylgja embættum þeirra, við á sinn kostnað. Af því að lög þau, er nú var um getið, eru heimfærð uppá hlunnindi þau, sem embættismönnum við hinn lærða skóla í Reykjavík bera, leiðir aptur á hinn bóginn, að þinni síðari spurningunni ber að svara svo, að skólameistarinn hefir ekki rétt á að fá neinn eldivið ókeypis, því að lögin veita skólameisturunum ekkert þesskonar, og er þó auðsèð að svo hefir verið til ætlazt, að öll þau hlunnindi væru tilgreind í lögnum, sem embættismönnum þessum bera.

Jafnframt þessu skal stjórnarráðið geta þess, að af því, sem að ofan er tekið fram, leiðir einnig, að þeir skólameistarar, sem framvegis verða skipaðir við Reykjavíkur skóla, verða skyldir að gjalda af bústað þeim, sem fylgir embætti þeirra, alla þá skatta og gjöld, sem sá er býr í annars manns húsi á að gjalda að lögum.

11. sept.

73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir nordur- og austurumdæminu, um verðlaun fyrir jarðabætur.

Þér hafið, herra amtmaður, skýrt frá í bréfi 21. júnímán. þ. á., að þér í von um samþykki dómsmálastjórnarinnar hafið veitt Jóni bónda Jónssyni á Gilsá í Breiðdalshrepp í Suðurmúla-sýslu 20 ríkisdali úr búnaðarsjóði nordur- og austurumdæmisins fyrir framúrskarandi dugnað, er hann hefir sýnt í því að bæta jörð sína, til þess að hvetja hann til að halda áfram viðleitni